

Nd.

**464. Frumvarp til laga**

[241. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson,  
Birgir Finnsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að heiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði. Um ástæður til flutnings frumvarpsins vísast til bréfs frá bæjarstjóranum, sem birt er hér á eftir sem fylgiskjal, og fylgiskjala með frumvarpi til laga um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem við flytjum samtímis þessu frumvarpi.

**Fylgiskjal.**

**HAFNARFJARÐARBÆR**

Hafnarfirði, 12. febr. 1971.

Í framhaldi af bréfi voru og sveitarstjórans í Garðahreppi, dags. í dag, varðandi breytingu á lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps, leyfum vér oss nú, herra alþingismaður, að fara þess á leit við yður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysjar í Garðahreppi.

Nú þegar er búið að staðfesta skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði. Þótti skipulagslega eðlilegt og nauðsynlegt, að það tæki inn á ca. 16.5 ha. úr landi Dysja, eign ríkissjóðs. Er hér um óræktað land að ræða og ólíklegt, að það hafi veruleg áhrif á afnotagildi jarðarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson.

Hr. alþingismaður Matthías Á. Mathiesen,  
Hringbraut 59, Hafnarfirði.